

## AUGLÝSING

### um staðfestingu starfsreglna nefndar sem starfar samkvæmt 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisráðherra hefur samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari staðfest hinn 16. mars 2009 starfsreglur nefndar, sem starfar samkvæmt 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Starfsreglurnar voru samþykktar samhljóða á fundi nefndarinnar hinn 16. mars 2009 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 19. mars 2009.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*

#### **Fylgiskjal.**

#### **Starfsreglur nefndar sem starfar samkvæmt 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.**

##### 1. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Nefndin skal haga störfum sínum í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

##### 2. gr.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Varamaður tekur sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns og þegar aðalmaður er vanhæfur til umsagnar um umsækjendur. Í forföllum varamanns eða ef hann er einnig vanhæfur skal skipa mann í hans stað.

##### 3. gr.

Umsókn um störf forstjóra heilbrigðisstofnana skulu fylgja upplýsingar um menntun, afrit prófskírteina og upplýsingar um stjórnunarreynslu.

Umsækjanda er heimilt að láta meðmæli eða önnur gögn sem votta hvernig hann hefur staðið sig í starfi fylgja umsókn sinni.

Mat nefndarinnar um hæfni umsækjanda skal byggja á umsóknargögnum auk upplýsinga sbr. 5. gr.

##### 4. gr.

Við mat á umsóknum og hæfni umsækjanda til að gegna auglýstri stöðu skal nefndin m.a. hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar:

1. Menntun.
2. Stjórnun: Reynsla af stjórnun flokkast með eftirfarandi hætti:
  - a. 0-3 ár
  - b. > 3 ár

Með stjórnun er hér átt við rekstrarstjórnun, þ.e.a.s. stjórnun á deild, skrifstofu, sviði, stofnun eða fyrirtæki, þar sem saman fer fjárhagsleg og fagleg stjórnun ásamt því að viðkomandi hafi mannaforráð með höndum. Verkefnisstjórn getur verið metin jafngild stjórnun á rekstrareiningu.

Formennska í nefndum og ráðum er hér ekki meðtalin, en kemur inn í heildarmat, sbr. aðra þætti sem áhrif hafa á mat umsóknar.

3. Fjármálaumsýsla: Reynsla af fjármálaumsýslu flokkast með eftirfarandi hætti:
  - a. 0-3 ár
  - b. > 3 ár
4. Áætlanagerð: Reynsla af áætlanagerð flokkast með eftirfarandi hætti:
  - a. 0-3 ár
  - b. > 3 ár
5. Aðrir þættir sem áhrif hafa á mat umsóknar eru:
  - a. Útkoma úr starfsviðtali
  - b. Viðbótarmenntun
  - c. Önnur starfsreynsla/þekking sem kann að hafa áhrif á mat umsóknar og getur talist umsækjanda til framdráttar
  - d. Umsagnir

#### 5. gr.

Við mat á hæfni umsækjanda skal þess gætt að öllum umsóknarskilyrðum sé fullnægt í samræmi við auglýsingu starfsins. Nefndin skal í hvívetna gæta jafnræðis milli umsækjanda og leggja málefnalegt mat til grundvallar umsögn um hæfni þeirra.

Nefndin getur leitað umsagna eða aflað frekari gagna telji hún það nauðsynlegt svo að lagt verði mat á hæfni umsækjanda, umsóknargögn eru ófullnægjandi eða skortur á gögnum veldur vafa eða hefur áhrif á mat á hæfni umsækjanda um starfið.

Komi fram í gögnum, sem nefndin hefur aflað, upplýsingar sem hún telur vera umsækjanda í óhag og kynnu að hafa áhrif á mat á hæfni hans, skal nefndin kynna umsækjanda efni þeirra, frá hverjum þær stafa og veita honum tækifæri til þess að tjá sig um þær áður en nefndin gefur umsögn um hæfni hans.

Nefndinni er skylt að veita umsækjanda aðgang að gögnum um hann sem nefndin hefur aflað ef beiðni þar að lútandi kemur fram áður en umsögn nefndarinnar liggur fyrir.

Taka skal viðtal við þá umsækjendur sem taldir eru hæfir samkvæmt skriflegum umsóknum. Niðurstaða viðtals skal vera hluti af endanlegu mati.

#### 6. gr.

Nefndin skal skila skriflegri umsögn um umsækjendur til ráðherra innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lauk. Nefndin skal leggja mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að sinna starfinu eða ekki. Nefndinni er heimilt að flokka umsækjendur eftir hæfi. Í skriflegri umsögn skal vera samantekt um hvern umsækjanda og rökstutt álit á því að umsækjandi sé hæfur og helstu sjónarmið sem ráðandi voru við matið.

Engan má skipa til að gegna stöðu forstjóra heilbrigðisstofnana nema nefndin hafi talið hann hæfan.

#### 7. gr.

Nefndarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða eru rædd á fundum nefndarinnar. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í nefndinni.

#### 8. gr.

Starfsreglur þessar skulu kynntar umsækjendum.